

Viðauki 2

Könnun á mati sérfræðinga á fjármála- markaði á horfum í efnahagsmálum

Fyrir hverja útgáfu *Peningamála* gerir Seðlabankinn könnun á mati sérfræðinga á horfum í efnahagsmálum. Könnunin var gerð um miðjan júní og voru þátttakendur Askar Capital hf. og greiningardeildir Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbanka Íslands hf. Helstu breytingar frá spá sömu aðila í apríl sl. eru að þeir spá minni hagvexti á spátímanum og meiri verðbólgu á þessu og næsta ári.

Horfur á að verðbólga haldist mikil fram á næsta ár

Sérfræðingar spá meiri verðbólgu framan af spátímanum en áður enda hefur verðbólga aukist afar hratt að undanfögnu í kjölfar gengislækkunar krónunnar og vegna mikils undirliggjandi kostnaðarþrýstings. Horfur eru á að verðbólga verði áfram mikil fram á seinni hluta næsta árs að mati sérfræðinganna. Þeir spá því að verðbólga verði að meðaltali rúmlega 11% á þessu ári líkt og gert er ráð fyrir í grunnspá Seðlabankans. Flestir þeirra spá því að verðbólga hjaðni mjög hratt á næsta ári og verði að meðaltali tæp 5% á árinu 2009 og komin niður í 3½% á öðrum fjórðungi ársins 2010. Meirihluti sérfræðinganna býst við því að verðbólga verði í nánd við markmið í lok spátímans, þ.e.a.s. á öðrum ársfjórðungi 2011. Grunnspá Seðlabankans gerir ráð fyrir nokkru hægari hjöðnun verðbólgu þar sem hún verður að meðaltali 7½% árið 2009 en komin niður í 3½% á öðrum ársfjórðungi 2010 líkt og sérfræðingarnir gera ráð fyrir. Í grunnspánni næst verðbólgu markmiðið á seinni hluta ársins 2010.

Hagvöxtur hverfandi framan af spátímanum

Ýmsar vísbendingar eru komnar fram um að farið sé að hægja nokkuð hratt á hagvexti, einkum vegna samdráttar fjárfestingar og kólnunar á fasteignamarkaði, þótt einkaneysla sé enn nokkuð sterk. Líkt og í síðustu könnun gera sérfræðingarnir ráð fyrir að hagvöxtur verði hverfandi á þessu ári og spá að meðaltali ½% hagvexti á árinu 2009 sem er prósentu minna en síðast. Tveir svarendur búast við samdrætti á þessu ári og einungis einn býst við samdrætti á því næsta. Þeir áætla að hagvöxtur glæðist nokkuð árið 2010 og verði að meðaltali rúmlega 2%. Samkvæmt grunnspá Seðlabankans verður rúmlega 1% hagvöxtur í ár en um 2% samdráttur árin 2009 og 2010. Sérfræðingarnir eru því mun bjartsýnni en Seðlabankinn.


Ólíkar spár um gengi krónunnar

Gengi krónunnar hefur lækkað töluvert síðan í mars og aftur í júní en verið afar sveiflukennt þar á milli. Að meðaltali spá sérfræðingarnir að gengisvísitalan verði 144 stig á þessu ári og u.þ.b. 140 stig út spátímann. Hins vegar eru þeir fremur ósammála um gengisþróunina og einn svarenda býst við töluverðri hækkun á gengi krónunnar út spátímann. Grunnspá Seðlabankans gerir ráð fyrir lægra gengi krónunnar á spá-

Mynd 1

Stýrivaxtaferill PM 2008/2 og spár greiningaraðila

Spátímabil 3. ársfj. 2008 - 2. ársfj. 2011



Heimild: Seðlabanki Íslands.

tímanum og að meðaltali tæplega 150 stiga gengisvísitölu á þessu og næsta ári.

Flestir gera ráð fyrir lækkun stýrivaxta á seinni hluta þessa árs

Stýrivextir voru hækkaðir 10. apríl sl. um 0,5 prósentur í 15,5%. Sérfræðingarnir telja allir að stýrivextir hafi náð hámarki og búast flestir við að lækkunarferlið hefjist í lok þessa árs. Stýrivextir verði að meðaltali 15% á þessu ári og 12% á árinu 2009. Stýrivaxtaferill flestra greinenda er mjög svipaður þeim ferli sem lá til grundvallar grunnspá Seðlabankans í síðustu *Peningamálum*. Stýrivaxtaferillinn í núverandi grunnspá gerir hins vegar ráð fyrir að vöxtum verði haldið háum lengur en sérfræðingar reikna með og að ekki verði unnt að lækka þá fyrir en á fyrsta ársfjórðungi 2009.

Kólnun á eignamörkuðum

Hlutabréfaverð hefur haldið áfram að lækka undanfarna mánuði. Sérfræðingar eru nú svartsýnni en áður um hlutabréfamarkaðinn. Að meðaltali spá þeir því að Úrvalsvísitalan standi í tæpum 5.000 stigum á öðrum ársfjórðungi 2009 og rúmlega 5.800 stigum ári síðar.

Sérfræðingarnir eru nokkuð ósammála um þróun húsnæðisverðs á spátímanum. Flestir búast við lækkun húsnæðisverðs á næstu tólf mánuðum, en svörin liggja á breiðu bili. Að meðaltali spá sérfræðingarnir að á öðrum ársfjórðungi 2009 hafi húsnæðisverð lækkað um 3½% frá fyrra ári en standi í stað fram á árið 2010. Einungis einn svarenda spáir því að húsnæðisverð lækki samfelld á næstu þremur árum.

Tafla 1 Yfirlit yfir spá sérfræðinga á fjármálamarkaði¹

	2008			2009			2010		
	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Verðbólga (milli ársmeðaltala)	11,1	10,4	12,0	4,9	3,5	7,5	3,3	1,5	4,5
Hagvöxtur	0,1	-0,5	1,0	0,5	-2,5	3,5	2,3	1,4	3,8
Gengisvísitala erl. gjaldm. (ársmeðaltal)	144	142	148	140	128	154	139	125	150
Stýrivextir Seðlabankans (ársmeðaltal)	15,0	14,9	15,1	12,0	10,3	14,9	8,4	6,5	11,3
	2009:2			2010:2			2011:2		
Verðbólga	5,1	3,0	9,8	3,6	2,1	5,0	3,2	2,5	4,5
Gengisvísitala erlendra gjaldmiðla	139	128	151	141	125	156	140	123	150
Stýrivextir Seðlabankans	12,5	10,8	15,3	8,5	6,3	11,8	7,6	6,5	9,3
Langtímanafnvextir ²	8,6	7,2	11,0	7,9	6,8	10,5	7,2	6,8	7,5
Langtímaraunvextir ³	4,2	3,8	4,5	3,8	3,4	4,5	3,7	3,0	4,5
Úrvalsvísitala Aðallista	4.959	4.000	5.350	5.860	5.000	6.341	6.851	6.000	7.583
Ársbreyting fasteignaverðs	-3,4	-8,6	1,6	0,2	-1,6	3,0	2,7	-3,8	6,6

1. Taflan sýnir breytingu milli ára í % nema að því er varðar gengi, vexti og Úrvalsvísitölu. Sýnd eru þau gildi sem spáð er fyrir vexti (%), gengisvísitölu erlendra gjaldmiðla (stig) og Úrvalsvísitölu Aðallista (stig). Þátttakendur í könnuninni eru Askar Capital hf. og greiningardeildir Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbanka Íslands hf. 2. Ávöxtunarkrafa í tilboðum viðskiptavaka í ríkisbréf (RIKB 19 0226). 3. Ávöxtunarkrafa í tilboðum viðskiptavaka í íbúðabréf (HFF150644).

Heimild: Seðlabanki Íslands.